



VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS
Samvinna - þekking - árangur

Könnun vegna verknámsvals 10. bekkur Haustönn 2021

Birgir Jónsson
Gæðastjóri

Mýrargötu 10
740 Fjarðabyggð
Netfang: va@va.is
Heimasíða: www.va.is
Sími 477 1620
Fax: 477 1852



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	0
Verknámsval haustönn 2021.....	1
Niðurstöður nemendakönnunar	1
Hversu ánægð/ur varstu með verknámsvalið?	2
Kostir/ókostir við verknámsvalið.....	2
Niðurstöður könnunar fyrir forsjáraðila.....	4

Verknámsval haustönn 2021

Á vordögum 2021 var ákveðið í samstarfi við grunnskólana í Fjarðabyggð að bjóða nemendum í 9. og 10. bekk grunnskólanna upp á nám í verklegum greinum í Verkmenntaskólanum. Var sótt um styrk í Sprotasjóð og fékkst upphæð til verkefnisins. Á haustdögum völdu nemendur úr sex greinum, Fab Lab, húð og hár, trésmíði, rafmagni, málm- og véltækni og bifreiðum. Nemendur röðuðu greinunum í þá röð sem þeir vildu helst og náðist að veita nemendum þær greinar sem þeir óskuðu helst eftir. 10. bekkingar riðu á vaðið. Kennsla hófst síðan fimmtudaginn 2. september og stóð til 21. október. Nemendur voru í tveimur 80 mínútna lotum, fyrst í einni grein og síðan í þeirri næstu, alls átta fimmtudaga. Þegar verkefninu lauk var ráðist í að meta hvernig til tókst. Spurningalisti var sendur á nemendurna og forsjáraðila þeirra. Spurningalisti nemenda innihélt 2 valkostaspurningar og 3 opnar spurningar en spurningalisti forsjáraðila 3 valkostaspurningar og 2 opnar spurningar. Hér fyrir neðan verður farið yfir niðurstöðurnar úr þessum könnunum.


Niðurstöður nemendakönnunar

Könnunin var lögð fyrir í grunnskólunum í kjölfar síðasta tímans í Verkmenntaskólanum þann 21. október. Alls svöruðu 59 nemendur af 65 sem sóttu valið eða 90,7%.

Hversu ánægð/ur varstu með verknámsvalið?

Þegar spurt var út í ánægju nemenda með valið voru 84,8% nemenda annað hvort mjög eða frekar ánægðir. Aðeins voru 2 nemendur frekar óánægðir og enginn mjög óánægður.

Hversu ánægð/ur varstu með verknámsvalið?
59 svör



Kostir/ókostir við verknámsvalið

Þegar nemendur voru beðnir um að nefna kosti við verknámsvalið voru þeir:

Læra eitthvað nýtt sem þeir höfðu ekki getað lært í skólanum sínum (22)

Hjálpa nemendum við að ákveða hvað það vill læra (9)

Kynnast krökkum frá öðrum stöðum (10)

Skemmtilegt, t.d. verkefni og kennarar (16)

Þegar kom að göllum nefndu nemendur:

Langur vinnudagur / komið seint heim (13)

Stuttur tími (2)

Kennslufyrirkomulag (5)

Hópastærðir (2)

Rúturnar (4)

Var ekki með vinum (2)

Leiðinlegt (3)

Covid og ætti að halda skólum aðskildum (1)


Stuttur tími í hlé á milli kennslustunda (1)

Hvaða áhrif hafði þátttaka þín í verknámsvalinu á áhuga þinn á verk- og tækninámi?

Þegar spurt var út í hvort þátttaka nemenda í verknámsvalinu hefði aukið áhuga á verk- og tækninámi töldu 22 nemendur, eða 38,6% að þátttakan hefði aukið áhuga sinn og 29, eða 50,9% töldu hann eins og áður. Aðeins 2 nemendur sögðu hann hafa minnkað.

Hvaða áhrif hafði þátttaka þín í verknámsvalinu á áhuga þinn á verk- og tækninámi?

57 svör



“Þið verðið að gera þetta aftur á næsta ári”

Í lokin gátu nemendur komið einhverju öðru á framfæri. Fæstir gerðu það en einhverjir nefndu að þeir vildu að tímarnir yrðu lengri og þetta yrði að gera aftur á næsta ári.


Niðurstöður könnunar fyrir forsjáraðila

Grunnskólanir hlutuðust til um að senda könnunina á forsjáraðila nemendanna og fengust 36 svör eða 55%.

Hversu ánægð/ur varstu með að boðið var upp á verknámsval í VA?

Mikil ánægja var á meðal forsjáraðila með verkefnið þar sem 34 foreldrar voru annað hvort mjög eða frekar ánægðir. Þar af voru 30 mjög ánægðir. Aðeins 1 var frekar óánægður.

Hversu ánægð/ur varstu með að boðið var upp á verknámsval í VA?
35 svör



Kostir/ókostir við verknámsvalið

Forsjáraðilar voru mest megnis á sömu línu þegar kom að kostum við verknámsvalið. Flestir nefndu að þetta gæfi nemendum tilfinningu fyrir því sem koma skyldi og þetta væri góð kynning á verklegu námi. Jafnframt töldu margir að þetta myndi auk þess vera góð kynning á skólanum og myndi hjálpa nemendum við að velja skólann sem er í heimabyggð. Einnig bentu sumir foreldrar á að það væri jákvætt að kynnast jafnöldum sínum á öðrum skólum í Fjarðabyggð.

Hér fyrir neðan má finna þrjú svör við spurningunni sem ramma þetta vel inn:

“Krakkarnir fá að kynnst öðrum verkgreinum heldur en í grunnskólanum. Krakkarnir kynnst VA og eru mjög spenntir fyrir verknámi í framtíðinni. Það mættu vera fleiri skipti.”

“Þau kynnst skólanum mun betur og nú ætlar unglingurinn minn að fara í VA en ekki í burtu í skóla.”

“Frábært tækifæri fyrir krakkana að fá svona kynningu á iðnnámi, hjálpar vafalítið við valið að grunnskóla loknum og ég viss um að þetta verður til þess að einhverjir finni sig í iðnnámi, sem hefðu það ekki gert ef ekki hefði verið fyrir þessa reynslu.”


Þegar kom að göllunum sáu forsjáraðilar líkt og nemendur fáa ókosti. Tveir nefndu að dagarnir væru langir og einn nefndi að lítil fjölbreytni hefði verið. Það tónar því nokkuð vel við niðurstöðuna hjá nemendum.

Hvaða áhrif haldið þið að þátttaka í verknámsvalinu hafi haft á áhuga nemenda á verk- og tæknigreinum?

Þegar spurt var út í hvort þátttaka nemenda í verknámsvalinu hefði aukið áhuga á verk- og tækninámi töldu 27 forsjáraðilar, eða 77,1% að þátttakan hefði aukið áhuga nemenda og 8, eða 22,9% töldu hann eins og áður. Engir sögðu hann hafa minnkað.

Hvaða áhrif haldið þið að þátttaka í verknámsvalinu hafi haft á áhuga nemenda á verk- og tæknigreinum?

35 svör




Er verknámsvalið verkefni sem ætti að halda áfram með?

Forsjáraðilar voru spurðir sérstaklega hvort verknámsvalið væri verkefni sem ætti að halda áfram með. 33, eða 94,3% sögðu já. 1 sagði nei og annar sagðist ekki vera viss.

Er verknámsvalið verkefni sem ætti að halda áfram með?

35 svör



“Þetta voru uppáhalds tímarnir hjá mínu barni, hlakkaði alltaf til fimmtudaga :)”

Þegar forsjáraðilar máttu bæta einhverju öðru við þá mátti sjá mikla ánægju með verkefnið. Þar mátti finna svör eins og að vonandi héldi þetta áfram til frambúðar og það væri gott að sjá enn meiri samvinnu milli skóla. Einn bendir á að það mætti vera meira og fjölbreyttara.